32 umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum skólans,
19. maí skólaleyfi og annað, er þurfa þykir.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við þessi lög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

33
19. maí

LÖG

um

löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Selárvík í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Löggilding þessi kemur til framkvæmda, þegar atvinnumálaráðuneytið

hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna. 33 19. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG 34 19. maí

um

breyting á lögum nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. laganna skal orða svo:

Ennfremur er bannað að flytja til sölu á erlendum markaði yngri hross en 3 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 2 vetra má þó flytja út, ef þau eru falleg útlits og ekki lægri en 126 cm. eða 48 þuml. (handmál).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.